

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. júlí 1998.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Lindar hf. um Jean Pierre Jacquillat.

Á stjórnarfundum 26. maí 1998 voru samþykktar breytingar á skipulagsskrá nr. 441/1987. Skipulagsskrá Minningarsjóðs Lindar hf. um Jean Pierre Jacquillat er því nú svohljóðandi:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Lindar hf. um J. P. Jacquillat. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun.

2. gr.

Heimili sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja ungt tónlistarfólk, sem getið hefur sér góðs orðstírs, til að afla sér meiri menntunar og reynslu á sínu sviði.

4. gr.

Nettótekjum sjóðsins skal árlega varið í þessum tilgangi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins var framlag Lindar hf., að fjárhæð kr. 500.000, sem var aukið með árlegu framlagi frá Lind hf., næstu 4 ár á eftir um upphæð sem var ekki lægri en upphaflegt framlag. Stofnfé er nú kr. 3.000.000. Stofnfé sjóðsins má eigi skerða að raungildi. Sjóðurinn getur leitað eftir gjafafé og öðrum framlögum frá utanaðkomandi aðilum. Sjóðinn ber að ávaxta með tryggunum hætti. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslunni.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og öðrum eignum sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé og má því eigi skerða að raungildi. Gjafafé ávaxtast með sama hætti og stofnfé. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 6 menn. Ekkja Jean Pierre Jacquillat, frú Cecile Jacquillat skal eiga sæti í stjórn svo lengi sem hún óskar. Stjórn sjóðsins tilnefnir menn í stjórn eftir því sem með þarf til þess að fullri tölu stjórnarmanna sé náð. Stjórnin skiptir með sér verkum. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðun sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn tekur ekki laun.

8. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar einum eða fleiri styrkjum úr sjóðnum árlega. Séu forsendur úthlutunar af einhverjum ástæðum ekki fyrir hendi leggst ráðgerð úthlutunarupphæð við höfuðstól sjóðsins.

9. gr.

Styrki úr sjóðnum skal auglýsa lausa til umsóknar minnst tveimur mánuðum fyrir úthlutun.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningskilum skal lokið innan þriggja mánaða frá lokum almanaksársins. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

11. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari ef að minnsta kosti fjórir stjórnarmenn eru því samþykkir. Nafni sjóðsins má þó aldrei breyta.

12. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

13. gr.

Með skipulagsskrá þessari eru ákvæði skipulagsskrár nr. 441/1987 felld úr gildi.

14. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á öllum breytingum á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. júlí 1998.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

**um ökuferilsskrá og punktakerfi
vegna umferðarlagabrota.**

I. KAFLI

Um ökuferilsskrá.

1. gr.

Landsskrá um ökuferil.

Ríkislögreglustjóri skal halda landsskrá um ökuferil ökumanna og punkta sem þeir hafa hlotið vegna umferðarlagabrota samkvæmt reglugerð þessari.